

Nd.

95. Breytingartillögur

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 29 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis.

Flutningsm.: Halldór Stefánsson.

1. Við 5. gr. Aftan við greinina komi ný málsgrein:

Heimilt er, með samþykki meiri hluta atkvæða á lögmetum fundi, að taka upp til flutnings óafgreidd frumvörp frá næsta þingi á undan á því stigi, sem frumvarp var, er því þingi lauk, enda hafi ekki farið fram almennar alþingiskosningar á milli þinganna.

2. Á eftir 8. gr. komi ný grein (9. gr.) (Greinatalan á eftir breytist samkvæmt því):
 - a. Aftan við 2. málsg. 44. gr. laganna bætist: Atkvæðisbær telst þingmaður nema forseti eða þingdeildin hafi tekið gild rök hans fyrir því að greiða ekki atkvæði, eða hann sé óatkvæðisbær samkvæmt síðustu málsgrein þessarar greinar.
 - b. Aftan við 4. málsg. sömu greinar bætist: Ef rök þingmanns eru metin ógild, telst atkvæði hans með meiri hlutanum. Svo er og, ef hann færir undan að rökstyðja undanfærslu sína. — Heimilt er þingmanni að láta bóka ástæður sínar.